

Nd. **91. Frumvarp til laga**

viðvíkjandi nafnbreyting Vinnuveitendafélags Íslands.

Flm.: Hallgrímur Benediktsson.

1. gr.

Ákvæði í núgildandi löggjöf ríkisins, sem snerta Vinnuveitendafélag Íslands, skulu jafnt gilda um félagsskap þennan, þótt nafni félagsins verði breytt og það nefnt Vinnuveitendasamband Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Vinnuveitendafélag Íslands var stofnað árið 1934, aðallega af einstaklingum. Hefur farið hér á landi eins og venjulegt hefur verið í öðrum löndum um slíkan félagsskap, að þeir félagsmenn, sem hafa átt svipaðra hagsmuna að gæta, hafa smátt og smátt myndað deildir innan félagsins, og sömuleiðis hafa vinnuveitendur úti um land myndað deildir fyrir tiltekin svæði landsins. Samþykktum Vinnuveitendafélags Íslands hefur verið breytt í samræmi við þá þróun, sem samkvæmt framan-sögðu hefur átt sér stað, og þykir því eðlilegast, að nafni félagsins verði einnig breytt, þannig að það verði Vinnuveitendasamband Íslands. Hefur félagsfundur nú þegar samþykkt að fela félagsstjórninni að breyta nafni félagsins þannig, „þegar hún telur, að tekizt hafi að tryggja það, að nafnbreytingin verði eigi til þess að draga úr réttindum félagsins samkvæmt löggjöf landsins“.

Í ýmsum lögum ríkisins eru Vinnuveitendafélagi Íslands veitt ýmis réttindi. Má í því efni sérstaklega nefna sem dæmi vinnulöggjöf þá, sem ræðir um í lögum nr. 80 11. júní 1938. Í 39. gr. þeirra laga er Vinnuveitendafélagi Íslands veittur réttur til þess að skipa einn dómanda Félagsdóms. Hefur félagið ástæðu til að halda, að það mundi glata þessum rétti sínum, ef það breytti nafni án þess að sett yrðu lög á þann veg, sem ræðir um í frumvarpi þessu.

Í ýmsum öðrum lögum eru sams konar ákvæði, og virðist óþarft að rekja þau hér, enda er hér í raun og veru aðeins um formsatriði að ræða.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið greindar, er frumvarp þetta borið fram.